

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2000

Nr. 310

656

8. maí 2000

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu, humarvörpu
og dragnót suður og vestur af Surtsey.

1. gr.

Frá og með 9. maí 2000 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu, humarvörpu og dragnót óheimilar á svæði suður og vestur af Surtsey, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|----------------------------|----------------------------|
| 1. 63°25'00 N - 20°50'00 V | 6. 63°08'80 N - 21°00'00 V |
| 2. 63°15'00 N - 20°50'00 V | 7. 63°15'00 N - 21°00'00 V |
| 3. 63°11'00 N - 20°18'60 V | 8. 63°17'50 N - 21°40'00 V |
| 4. 63°09'50 N - 20°18'60 V | 9. 63°25'00 N - 21°40'00 V |
| 5. 63°08'40 N - 20°30'60 V | |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. maí 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.